

Vildare, värre, Smilodon

Höfundur texta: Minna Lindeberg (Finnlandi).
Höfundur mynda: Jenny Lucander (Finnlandi).
Förlaget, 2016

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2017

Söguþráður: Karin og Annok eru vinir í leikskólanum. Þær byrja daginn á ljónaleik en þegar hin börnin skipta sér af reiðist Annok og úr verður rífrildi, glerbrot og reitt fullorðið fólk. Kraftmikil frásögn um sterkar tilfinningar og sambönd.

Efnisorð: tilfinningar, vinátta, reiði, dýr, hugmyndaflug, leikur


Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvers konar tilfinningar birtast í texta og myndum bókarinnar? Hvar eru börnin og hvaða leikföng sjáið þið á myndunum?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið kápumyndina vel. Um hvað heldur þú að bókin sé?
2. Finnur þú einhverjar myndir af dýrum í bókinni? Flettu bókinni og leitaðu. Kanntu nöfn á einhverjum dýrum?
3. Í bókinni reiðist Annok. Hvað gerir hún? Hvernig heldur þú að henni líði í líkamanum? Hvernig er að vera glöð, reið, leið, þreytt, ástfangin? Fáðu þér blað og trélit. Brjóttu blaðið saman í fjóra ferhyrninga. Geturðu teiknað eina tilfinningu í hvern ferhyrning?
4. Karin skrifar í bréfi til Annok að förustafir geti ekki búið í dós heldur þurfi þeir skriðdýrabúr. Hvað er skriðdýrabúr? Finndu kassa og búðu til skriðdýrabúr fyrir förustaf.
5. Veldu opnu með börnunum og ræðið hana. Hvað sjáið þið á myndunum, hvað gerist, hvernig haldið þið að börnunum og fullorðna fólkinu líði?



ISBN 978-952-7572-72-6

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu myndirnar í bókinni. Veltu fyrir þér litunum sem myndahöfundurinn hefur valið. eru sömu litirnir á öllum opnunum? Hvaða litir eru mest áberandi á opnunum þar sem Annok og reið og æst?
2. Rannsakaðu málið og skrifaðu stutta fróðleiksmola um Smilodon eða aðra förustafi.
3. Hvers vegna heldur þú að Annok hafi reiðst svona í byrjun sögunnar? Hugsaðu um það sem gerðist bæði fyrir og eftir atvikið með spegilinn. Geturðu sýnt með líkamanum hvernig það er að reiðast? Prófaðu ýmsar tilfinningar. Hvernig líta gleði, hræðsla, hrifning og forvitni út?
4. Prófið að búa til hreyfingalykkju: raðið ykkur í hring. Veljið tilfinningu sem þið viljið sýna. Ákveðið hver á að byrja. Þegar fyrsta barnið er búið að sýna tilfinningu tekur næsta við. Þannig er farið hringinn þar til öll börnin eru búið að sýna þá tilfinningu sem þau ákváðu í byrjun. Prófið nú með aðra tilfinningu.
5. Hvers konar tilfinningar heldur þú að Annok finni fyrir í bókinni? Til dæmis þegar:

Hún er í ljónaleik með Karin?

Þegar Annok hendir hlutum og hinir krakkarnir hlæja?

Þegar Marianne spyr „Um hvað ertu að hugsa, Annok?“

Þegar Annok er úti með fullorðnum.

Þegar hún flytur?

6. Kannast þú við eitthvað í sögunni? Hefur þú fundið fyrir einhverju svipuðu?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Veltu titlinum fyrir þér, hvaða tilfinningar vekur hann hjá þér?

3. Veljið opnu og ræðið tvö og tvö hvað þið sjáið á myndunum og hvað þið haldið að sé á seyði.

4. Pabbi hennar Annok sækir hana í leikskólann þegar

hún er úti með fullorðnum. Þau fara niður á bryggju saman. Um hvað heldurðu að þau séu að tala? Skriðu samtalið Annok og þabba hennar.

5. Hefur þú orðið fyrir því að fullorðið fólk hlusti ekki eða að þú fái ekki að segja skoðun þína við ákveðnar aðstæður? Veltið fyrir ykkur, ræðið og skrifið niður ábendingar og ráð um hvernig börn geta fengið fólk til að hlusta á sig.

6. Karin skrifar Annok bréf í lok bókarinnar. Settu þig í spor Annok, svaraðu bréfinu og segðu frá líðan þinni í Utsjoki.

7. Hvað veist þú um Utsjoki? Finndu að minnsta kosti fimm staðreyndir um Utsjoki. Athugaðu líka hvað er langt til Utsjoki þaðan sem þú átt heima og hvernig þú gætir komist þangað.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Vi är Lajon! Höfundar: Jens Mattsson og Jenny Lucander.

MÁLAMOLI

"Reiði"

sænska

Ilska

danska

Vrede

norska

Sinne

íslenska

Reiði

færeyska

Øði

grænlandska

Kamanneq

finnska

Kiukku

norðursamíska

Suhttu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)